



# EFNA LAUSNIR

## Efnalausnir ehf. Öryggisblað (MSDS) Samkvæmt reglugerð 888/2015 (REACH)

### 1. Auðkenning efnisins /efnablöndunnar og fyrirtækis

#### 1.1. Vörukenni

Heiti vöru: ● **EL-Sóttthreinsiefni B**

Vörunúmer:

Framleiðandi: Efnalausnir ehf. Kt. 6409100970

Símanúmer söluaðila: 552 0022

Netfang söluaðila: [indridi@efnalausnir.is](mailto:indridi@efnalausnir.is)

#### 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða efnablöndu og notkun sem ráðið er frá

Notkun: Sóttthreinsiefni til þrifa í matvælavinnslu.  
Notkun sem ráðið er frá:

#### 1.3 Upplýsingar um birgi öryggisblaðs

Heiti fyrirtækis: Efnalausnir ehf  
Netfang: [indridi@efnalausnir.is](mailto:indridi@efnalausnir.is)  
Vefsíða: [www.efnalausnir.is](http://www.efnalausnir.is)

#### 1.4 Neyðarsímanúmer

Eitrunarmiðstöð: 543 2222

Neyðarlína, sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: 112

### 2. Hættugreining

#### 2.1. Flokkun efnis eða blöndunnar

Húðert. 2, H315  
Húðert. 2, H319

#### 2.2. Merkingaratriði

Viðvörðunarorð: Varúð

Hættumerki: GHS07



**Samsetning á merkimiða:** Vatn, jónísk og ójónísk yfirborðsvirk efni, vatnsleysanlegt leysiefni.

**H setningar:** **H315, Veldur húðertingu**  
**H319, Veldur alvarlegri augnertingu**

**V setningar:**

**P280** Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar  
**P302+P334+P362** BERIST EFNID Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni. Farið strax úr förinum sem óhreinkast af efninu  
**P332+P313** Ef efnið ertir húð:leitið lækni  
**P305+P351+P338:** BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.  
**P337+P313:** Ef augnerting er viðvarandi:leitið lækni

### 2.3 Aðrir þættir

**Engar frekari upplýsingar tiltækar: Á ekki við**

---

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

### 3.1 Efni

<u>Hættuleg efni:</u>	<u>Auðkenni .</u>	<u>Flokkun</u>	<u>Styrkur.</u>
Didecyldimethylammonium Chloride	Cas-nr.: 7173-51-5 EC-nr. 230-525-2 Index nr.:612-131-00-6	Bráð eit.4, H302 Húðæt.1B H314	<5%
Alkylbenzyldimethylammonium Chloride	Cas-nr.: 68424-85-1 EC-nr. 270-325-2	Bráð. Eit 3, H302, H311 Húðæt 1C, H314 Augnskaði 1, H318 Bráð eit. Á vatni 1, H400	<5%
Isopropanol	Cas-nr.: 67-63-0 EC-nr. 200-661-7 Index nr.:603-117-00-0	Eldf. Vökvi 2, H225 Augnert. 2, H319 SEM-VES 3, H336	<5%
C9-11 alkóhól etoxýlat (4OE)	Cas-nr.: 68439-46-3 EC-nr. 614-482-0	Bráð eit.4, H302 Augnskaði 1, H318	<5%

---

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

**Almennt:** Ef grunur er um lasleika eða heilsutjón þá leitið strax til læknis. Hafid umbúðamerkingar eða þetta öryggisblað meðferðis.

**Snerting við húð:** Getur valdið ertingu ef ekki er skolað vel af með vatni.

**Snerting við augu:** Skolið strax með miklu vatni eða augnskoltæki í ca. 30 mínútur. Hafid augnlokin sundur glennt svo vatnið eigi greiða leið. Leitið strax til læknis.

**Innöndun:** Fara í ferskt loft.

**Inntaka:** Skola munn og drekka vatn eða mjólk. Framkallið ekki uppsölur.

## 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Sjá lið 2.2 og 11.1

## 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisummönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á

Sjá ráðstafanir í skyndihjálp

---

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður

**Almennt:** Efnið brennur ekki. Ef eldur kemur upp af öðrum orsökum má nota allar gerðir slökkviefna. Notið viðeigandi slökkvibúnað og varist að nota vatn nálægt rafmagni og rafmagnstækjum. Efnið gæti losað eittraðar gufur ef það lendir í eldi og þeir sem koma að slökkvistarfi ættu að nota öndunargrímur og annan hlífðarbúnað.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar

Engar frekari upplýsingar tiltækar

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Notið fersklöftrímur við slökkvistörf ef nauðsynlegt þykir. Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/aughlífvar/andlitshlífvar

---

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir

Varúðarráðstafanir : Forðist að láta efnið snerta húð og augu og notið viðeigandi hlífðarbúnað þegar átt er við efnaleka, sjá lið nr. 8.

Hlífðarfatnaður: Notið hlífðarfatnað. Notið öndunargrímur

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfis

Stoppið lekann og ef um lítinn leka er að ræða þá skolið og þynnið í a.m.k. 1% styrk með miklu magni vatns í næsta niðurfall. Ef lekinn er mikill skal koma í veg fyrir að efnið fari í niðurfall.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Þurrka efnið upp með sandi, sagi eða öðru heppilegu efni og koma því í flát og loka og merkja á viðeigandi hátt. Skolið svæðið vel á eftir. Senda síðan efnið til förgunar í spilliefnamóttöku. Ef efnaleki er mikill þá hafið samband við slökkvilið og heilbrigðiseftirlit.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði

---

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Varist alla snertingu við efnið og notið viðeigandi hlífðarbúnað, sjá lið nr. 8. Blandið efnið ekki með öðrum efnum.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t vegna mögulegs ósamrýmanleika

Geymið vöruna í lokuðum upprunalegum umbúðum og ekki nærri mat eða fóðurvöru. Varan getur þolað kulda allt að 0°C en geymist best við stofuhita. Geymist þar sem börn ná ekki til.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun

Notað til þrifa í matvælaframleiðslu

---

## 8. Takmörkun váhrifa / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæribreytur

Ekki hafa verið sett mengunarmörk fyrir EL-Sóttthreinsiefnið en fyrir eftirfarandi innihaldsefni gildir eftirfarandi:

#### Viðmiðunarmörk í starfi:

Didecyldimethylammonium chloride: 8 klst: 999 mg/m<sup>3</sup>  
15 mín: 1250 mg/m<sup>3</sup>

Ísóprópanól: 8 klst : 400ppm og 980 mg/m<sup>3</sup>

### 8.2 Váhrifavarnir



#### Persónuhlífar:

<b>Augu:</b>	Rétt að nota öryggisgleraugu
<b>Hendur:</b>	Rétt að nota gúmmihanska
<b>Húð:</b>	Rétt er að nota stígvél.
<b>Öndunarfæri:</b>	Ef loftræsting er góð og efnið er notað samkvæmt leiðbeiningum er ekki þörf á frekari ráðstöfunum
<b>Annað:</b>	Rétt er að hafa tiltækt augnskólunartæki

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

<b>Lykt:</b>	Væg hráefnalykt og alkóhóllykt.	<b>Gufuprýstingur:</b>	Óþekkt.
<b>pH gildi:</b>	7,5+/-1,0	<b>Eðlismassi:</b>	985± 5 Kg/m <sup>3</sup>
<b>pH gildi 1% lausn:</b>	8 +/-1,0	<b>Leysni:</b>	Vatn, alkóhól oph.
<b>Suðumark:</b>	ca.100°C	<b>Vatnsleysni:</b>	Alveg leysanlegt.
<b>Bræðslumark:</b>	-1°C	<b>Deillistuðull fyrir N-oktanolvatn:</b>	Óþekkt.
<b>Blossamark:</b>	Óþekkt, ekki eldfimt.	<b>Eðlismassi gufu:</b>	Óþekkt.
<b>Eldfimi:</b>	Óþekkt, ekki eldfimt.	<b>Uppgufunarhraði:</b>	Óþekkt.
<b>Sprengifimi:</b>	Óþekkt, ekki sprengifimt.		

### 9.2 Aðrar upplýsingar

Engar frekari upplýsingar tiltækar/á ekki við

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni

Sóttthreinsiefnið er mjög stöðugt við venjulega notkun.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki

Hreinsiefnið er mjög stöðugt við venjulega notkun.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi

Myndar ekki hættuleg niðurbrotsefni og brotnar auðveldlega niður í náttúrunni. Geymist vel við herbergishita í lokuðum umbúðum.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast

Engar þekktar, svo lengi sem leiðbeiningum um geymslu og notkun er fylgt.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni

Engin sérstök.

## 10.6 Hættulegt niðurbrotsefni

Engin hættuleg niðurbrotsefni.

---

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

<b>Við innöndun:</b>	Getur valdið vægri ertingu
<b>Við inntöku:</b>	Getur valdið ertingu á slímhimnu í munni
<b>Snerting við augu:</b>	Snerting við augu getur valdið ertingu
<b>Snerting við húð:</b>	Snerting við húð getur valdið ertingu
<b>Eitrunarferli:</b>	Engin þekkt.
<b>Ofnæmi:</b>	Engin þekkt og engin innihaldsefni eru ofnæmisvaldandi.
<b>Krabbamein:</b>	Engin þekkt og engin innihaldsefni eru krabbameinsvaldandi.

---

## 12. Visfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eituráhrif

Alkylbenzyltrimethylammonium chloride Cas-nr: 68424-85-1 og EC-nr. 270-325-2:

Teg. gildis	Gildi	
LC50	0,85 mg/l	Fiskur
EC50	0,015 mg/l	Vatnablöntur
IC50	0,03 mg/L	Þörungar

Isopropanol: Cas-nr.: 67-63-0 og EC-nr. 200-661-7

Teg. gildis	Gildi	
LC50	9600 mg/l	Fiskur
IC50	~1400 mg/L	Þörungar

### 12.2 Þrávirkni og niðurbrotanleiki

Niðurstöður rannsókna á efnunum sýna að þau brotna auðveldlega niður í náttúrunni. > 60% CO<sub>2</sub> 28 dagar samkvæmt OECD 301 B og D.

### 12.3 Uppsöfnun í lífverum

Efnin brotna auðveldlega niður í náttúrunni og eru vatnsleysanleg og því mjög ólíklegt talið að þau safnist upp í lífverum.

### 12.4 Hreyfanleiki í jarðvegi

Efnið er vatnslausn og þynnist og dreifist auðveldlega í umhverfinu samkvæmt hegðun slíkra efna.

### 12.5 Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum

Engir þekktir.

### 12.6 Önnur skaðleg áhrif

Engin þekkt

---

## 13. Atriði varðandi förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Ef um lítið magn er að ræða má skola því í niðurfall með miklu magni af vatni svo þynning sé u.þ.b. 100 föld (1 skammtur af efni á móti 100 skömmtun af vatni). Ef um mikið magn er að ræða er rétt að hafa samband við framleiðanda eða spilliefnamóttöku. Tómar umbúðir skal skola vel ca. 3 sinnum með vatni áður en þær eru endurnýttar eða þeim fargað.

---

## 14. Upplýsingar varðandi flutning

### 14.1 UN-númer

ADR/RID Þarfnast ekki flokkunar  
IMGD: Þarfnast ekki flokkunar  
ICAO/IATA Þarfnast ekki flokkunar

### 14.2 Rétt UN-sendingarheiti

Þarfnast ekki flokkunar

### 14.3 Hættuflokkur eða -flokkar vegna flutningar

Þarfnast ekki flokkunar

### 14.4. Pökkunarflokkur

Þarfnast ekki flokkunar

### 14.5 Umhverfishættur

Efnið er ekki hættulegt umhverfinu við flutninga

### 14.6 Sérstakar varúðarráðstafnir fyrir notanda

Á ekki við

### 14.7 Flutningur í lausu skv.Viðauka II í MARPOL-samninginn frá 73/78 og IBC-kóðanum

Á ekki við

---

## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Löggjöf og reglugerðir: Lög nr. 61/2013 Efnalögin

Reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) eða EB reglugerð nr. 1907/2006

Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna eða EB reglugerð nr. 1272/2008

### 15.2 Efnaöryggismat

Efnafræðilegt öryggismat hefur ekki verið gert

---

## 16. Aðrar upplýsingar

Útgefið / útgáfunúmer: 25.09.2011 / 1.

Breyting/útgáfunúmer: 22.11.2016/2, Breytt af Evu Yngvadóttur, efnaverkræðingi, EFLA verkfræðistofa

**Ábyrgðaraðili blaðsins:** Efnalausnir ehf

**Athugið:** Upplýsingar í þessu öryggisblaði eru unnar eftir þeim upplýsingum sem lágu fyrir á þeim tíma sem öryggisblaði er gefið út. Stuðst er við gildandi reglugerðir og lög og einnig eftir bestu fáanlegu upplýsingum frá ECHA gagnagrunninum ([www.echa.eu](http://www.echa.eu)) um öll innihaldsefni sem notuð eru í EL-Sóttahreinsiefninu. Ekki er hægt að ábyrgjast að allar upplýsingar séu að öllu leyti réttar eða tæmandi. Brýnt er fyrir notendum að fara eftir þeim leiðbeiningum og varúðarupplýsingum sem hér koma fram. Notkun vörunnar er á ábyrgð notenda.